



– fyrir íslenska verslun

Afstaða FÍStöðin til frumvarps til laga um breytingu ýmissa lagaákvæða sem varða sölu áfengis og tóbaks.

„Allt eða ekkert“

- Takmörkun frjálstrar sölu áfengis, við ákveðið áfengisinnihald eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, mun væntanlega leiða til kærumála vegna röskunar á samkeppni sem slíkt fyrirkomulag hefur í för með sér. FÍStöðin er þeirrar skoðunar að afnám einokunar verði að ná til alls áfengis, án tillits til styrkleika þess.

Aðlögunartími

- Sala áfengis hefur verið í höndum ríkisins frá árinu 1922 eða í 85 ár og því er eðlilegt að markaðurinn þurfi tíma til að gera ráðstafanir og aðlagast breytingunum. FÍStöðin telur því að sá aðlögunartími sem frumvarpið gerir ráð fyrir sé of stuttur og þurfi að vera a.m.k. eitt ár.

Áfengisgjald verður að lækka áður eða á sama tíma

- Skattar (áfengisgjöld og virðisaukaskattur) eru stór hluti af útsöluverði áfengis (60-70% af bjór og léttvíni og 80-90% af sterku áfengi). Álagning ÁTVR er mjög lítil (6.85% á sterkt vín og 13% á léttvín og bjór). Ef áfengisgjöld verða ekki lækkuð mun það hafa eftirfarandi í för með sér:
 - Sérverslunum verður ekki stætt á rekstri með svo lága álagningu og mun því verð á áfengi hækka verulega frá því sem nú er.
 - Af þessu getur síðan leitt fákeppni, neyslustýring og minna vöruúrval, en nú er. Markaðurinn verður því fyrst og fremst verðdrifinn.
 - Aðgengi landsbyggðarinnar að góðu úrvali vína verður mun verra.
- Íslendingar eiga heimsmetið í áfengisgjöldum

Áfengisauglýsingar leyfðar með takmörkunum

- Gera verður breytingar á lagaákvæðum um áfengisauglýsingar og áfengiskynningar ef sala áfengis verður leyfð á opnum markaði.
- Ríkt hefur mikil lagaóvissa varðandi áfengisauglýsingar. Betra er að hafa skýr lög en lög sem bjóða upp á að fram hjá þeim sé farið:
 - Óljóst er hver ber ábyrgð, sbr. nýgengnir dómur.
 - Mikið hefur verið farið á bak við lög, sbr. léttbjórsauglýsingar.
 - Áfengisauglýsingar eru leyfðar í erlendum miðlum sem eru til sölu í öllum bókabúðum sem og á vefnum.
- FÍStöðin mun leggja áherslu á að fyrirtæki innan greinarinnar muni setja sér siðareglur um áfengisauglýsingar.
- FÍStöðin leggur áherslu á að allt forvarnarstarf verði aukið verulega frá því sem nú er.